

KJARTAN SVEINSSON

† Kjartan Sveinsson var fæddur á Ásum í Skaftártungu 30. janúar 1913. Hann varð bráðkvaddur á heimili sínu í Reykjavík 21. febrúar síðastliðinn. Foreldrar hans voru hjónin Sveinn Sveinsson bóndi, f. 5. desember 1875 á Hörgsdal á Síðu, d. 14. janúar 1965, og Jóhanna Sigurðardóttir, f. 21. október 1879 á Breiðabólstað á Síðu, d. 2. júní 1968. Kjartan átti ellefu systkini sem náðu fullorðins aldri, fimm þeirra eru nú látin. Þau voru Sigursveinn, Gyðrförur, Runólfur, Sveinn og Páll. Eftirlifandi eru Guðröður, Róshildur, Ingunn, Guðmundur, Sigríður og Gísli.

Kjartan kvæntist hinn 8. mars 1941 eftirlifandi eiginkonu sinni Bergþóru Gunnarsdóttur, f. 27. ágúst 1912, dóttur Gunnars Jónssonar bónda og Ragnheiðar Stefánsdóttur á Fossvöllum í Jökulsárhlíð. Þau hafa búið lengst af



í Heiðargerði 3 í Reykjavík. Kjartan og Bergþóra ólu upp frá tveggja ára aldri bróðurdóttur Bergþóru Ragnheiði Hermannsdóttur, f. 15. maí 1949, kennara í Reykjavík, sem gift er Magnúsi Jóhannessyni ráðuneytisstjóra. Börn þeirra eru Bergþóra Svava, f. 31 maí 1977, og Jóhannes Páll, f. 30 september 1978.

Kjartan lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1943 og prófi í rafmagnstækni frá tækniskólann í Katrineholm í Svíþjóð sumarið 1949. Kjartan hóf störf sem deildartækni frá þingur hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1949 og starfaði þar æ síðan þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Kjartan var áhugamaður um skógrækt og var um árabíl í stjórn Skógræktarfélagis Reykjavíkur.

Útför Kjartans fer fram frá Dómkirkjunni í dag og hefst afhöfnin klukkan 15.

Í dag er kvaddur hinstu kveðju tengdafaðir minn og kær vinur, Kjartan Sveinsson raftækniþingur.

Mér er það enn í fersku minni þegar fundum okkar bar saman fyrsta sinni sumarið 1972. Ég hafði þá nýlega kynnt einkadóttur þeirra hjóna og bar nokkurn kvíða í brjósti þegar ég kom í fyrsta skipti á heimili þeirra í Heiðargerði 3. En sá kvíði var ástæðulaus því fyrr en varði var Kjartan farinn að ræða við mig eins og við hefðum þekkt alla tíð. Það vakti athygli mína hversu auðvelt það var honum þrátt fyrir nokkurn aldursmun að setja sig inn í hugarheim minn nánast samstundis. Þarna kynntist ég strax einum af mörgum góðum eiginleikum Kjartans. Hann var afar félagslyndur og átti einkar auðvelt með að laða fram hið jákvæða í fari fólks. Honum fylgdi ævinlega gleði og hressileiki á mannafótum og engan mann hef ég fyrir hitt sem taldi sig ekki betri af kynnum sínum við hann. Frá honum stafaði einhver ólýsanleg hlýja sem laðaði að sér fólk á öllum aldri. Börn voru honum sérstaklega handgengin og urðu miklir vinir hans, skipti þar engu hvort um væri að ræða frændsemi eður ei. Kjartan sagði mér einhverju sinni að faðir sinn, Sveinn Sveinsson frá Ásum, hefði verið svo barngóður að hann hefði getað verið af öllum börum á Íslandi. Mér finnst

ins vera skuld okkar við það vegna búsetunnar í landinu sem okkur bæri að greiða um leið og við kæmumst í þær álnir að geta það. Þó vó ekki síður þungt sú skoðun hans að í skógrækt fælust jákvæð uppeldisáhrif, umhyggja sem hefði góð áhrif á samfélagið og síðast en ekki síst að gróið land, einkum skógi vaxið, laðaði fram jákvæð viðhorf fólks til lífsins.

Þrátt fyrir að tengdafaðir minn léti sér fátt manlegt óviðkomandi voru það þó einkum tveir þættir sem öðrum fremur áttu hug hans allan. Annar var rafvæðing íslensks samfélags um og eftir miðja þessa öld en hinn var einstakur áhugi hans á að bæta gróðurfar landsins og klæða landið skógi. Reyndar held ég að tilviljun ein hafi ráðið því að rafvæðingin varð ævistarfið en skógræktin varð stærsta áhugamálið en ekki öfugt. Hann kynntist snemma frumherjum í vatnsaflsvirkjunum og rafvæðingu sveitanna, þeim Bjarna í Hólmi og Eiríki í Svinadal. Minntist hann þeirra oft með aðdáun, þó hann leyfði sér að gagnrýna síðar einstaka verk sem hann hafði tekið þátt í að vinna undir þeirra stjórn. Síðar meir setti hann sjálfur upp rafstöðvar í nokkrum ám eða lækjum við sveitabæi. Þessi kynni leiddu Kjartan fyrst út í rafvirkjanám í Reykjavík og síðan til Svíþjóðar þar hann

hólmans. Auk þessa starfs að skógrækt í Elliðaárhólmanum, sem hann sinni fyrst og fremst í frítíma sínum, var Kjartan virkur félagi í Skógræktarfélagi Reykjavíkur og sat í stjórn félagsins um árabíl.

Kjartan var afar vinnusamur og á meðan heilsan leyfði féll honum aldrei verk úr hendi. Að afloknum vinnudegi fór hann ýmist að dytta að húsinu, laga til í garðinum eða þá að hann brá sér í Elliðaárhólmann til að huga að plöntuuppeldinu sem hann annaðist þar um áratugaskeið. Ef ekki lágu fyrir einhver handverk sem vinna þurfti eða aðstæður voru ekki til slíkrar vinnu greip hann gjarnan í bók. Hann var víðlesinn og vel að sér um flesta þá hluti sem máli skipta. Kjartan var mikill aðdáandi sigldrar tónlistar og naut þess að hlýða á verk gömlu meistaranna hvort sem var á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar eða í ríkisútvarpinu, sem hann unni mjög og sagði jafnan að hann teldi sig vera einn þakklátasta hlustanda þess. Kjartan fylgdist jafnan afar vel með þjóðmálaumræðu og hafði ævinlega hressilegar skoðanir á hinum stærri viðfangsefnum stjórnmálanna. Hann skipaði sér í sveit Framsóknarflokksins og hlaut viðurkenningu fyrir störf sín á þeim vettvangi.

Það var margt í fari Kjartans sem er óvenjulegt að finna í fari samtímamanna. Hann hafði ríka réttlætiskennnd og sagði skoðanir sínar umbúðalaust einkum ef honum fannst að málefning vörðuðu almannahag. Hins vegar hugsaði hann ávallt lítið um eiginhagsmuni, það eitt að eiga til hnífs og skeiðar fyrir sig og sína nægði honum. Hann var í raun hugsjónamaður sem hugsaði hlutina út frá hagsmunum samfélagsins eins og þeir komu honum fyrir sjónir. Mér fannst oft eins og hann væri gæddur hugarþeli þeirra Fjölnismanna sem á síðustu öld vildu „Íslandi allt“.

Ég átti þess kost að ferðast oft með Kjartani tengdafaður mínum bæði innan lands og utan. Þá kom vel í ljós hversu vel hann þekkti sögu landsins og var vel að sér um flesta þætti í náttúrunni. Í huga hans voru þó tveir staðir sem höfðu mikla sérstöðu, annars vegar Þingvellir, þar sem hann hafði tekið þátt í öllum stórhátíðum á þessari öld, en hinn var V-Skaftafellssýsla. Að ferðast með honum um bernskuslóðirnar var ógleymanlegt. Á ferðum erlendis þyrsti hann að kynnast lífi og sögu hvers staðar sem heim-sóttur var.

Það reyndist Kjartani mikið gæfuspör þegar hann kvæntist eftirlifandi eiginkonu sinni, Bergþóru Gunnarsdóttur, sem studdi hann með ráðum og dád, fyrst í að afla sér menntunar erlendis en síðan í starfi hér heima og í þeim fjölmörgu

sem mestra sá ömmu í Heið og umhyggja var einstök.

Við andlát I er margt sem löng og nán ky saknað af okku um hann, en þ eiginkonu han barna. Ég bi tengdamóður n ingu Kjartans ingin um einsta vildi öllum gott okkur um ókom Mag

Gróður jarða ábreiðu veturkor arspröttinn með l um snerta fros blóm sjálfstæðisi móti birtunni.

Sólarsprotinn geislum sem glæ jörðu hefur miss geisli sem skei heimsins stjörnu jarðlif. Bjarni h verma hjörtu okl og lýsa hinn ófarr Guð blessi minn

Bergþóru

Með nokkrum að minnast góðs Kjartans Sveinsson.

Kjartan hefi ég an ég man eftir r áhugamál hafa hvor öðrum á sí má að við höfum feðrum okkar e órjúfanlegt san bernsku heyrði um Svein á F dugnaðarbónda, Hans stóri barna langt að sækja m

Kjartan var fr legur athafnama sér óbrotgjarnar ræktunarstörfum mestan þátt í þe setningu í Elliða er orðinn mikil sem mun veita á um skjól og gleði dáða við ræktun hefði ekki þurft Kjartans til að skæri sig ekki farna svæði lan áhrærir. Gaman Kjartani um þe sem hann áreið nánast öllum frís árabíl. Þess ber á Rafmagnsveitu l mikinn skilning á og studdu heir